

1872.

13. janúar.

styrkur af hinum íslenska lækna sjóði í 5 ár, frá 6. októbr. f. á., og að það skuli vera laust við, að gjalda vöxtu af láni því uppá 1000 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 26. febrúarm. 1866 var veitt úr tæðum sjóði, sömuleiðis fyrir 5 ár, frá 11. júní þ. á.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

19. janúar.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um brot gegn íslenskum lögum um verzlun og fiskiveiðar¹.

Í bræfi 17. nóvbr. f. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að nokkuð af salti, er lá í húsi nokkru, sem *S. Allenou* frá Frakklandi á í Grundarfirði, hafi fyrir nokkru síðan verið tekið lögtaki, sem veð fyrir ógoldnu lestagjaldi af frakkneskum skipum nokkrum, en salt þetta hafi þegar rýrnað talsvert, og mundi rýrna enn meira, ef það lægi þar lengur, en á hinn bóginn gæti það ekki borgað sig að flytja saltið í annað hús, og hafið þér því borið upp þá spurningu, hvort amtið skuli gjöra nokkra ráðstöfun til þess að selja saltið.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þér sjáið um, að vörur þessar, sem teknar hafa verið lögtaki, verði seldar við opinbert upphæð svo fljótt sem orðið getur, og væntum vèr að fá skýrslu frá yður um það, þegar að því kemur.

22. janúar.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um ráðstafanir til að varna óspektum enskra fiskimanna.

Dómsmálastjórnin gefur yður (tit.) til vitundar, yður til leiðbeiningar, að utanríkisstjórnin hefir skýrt frá, að verzlunarráðið

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 611.

1872.

22. janúar.

(*Board of trade*) á Englandi hafi gefið út auglýsingu, og se þar enskir sjómenn, sem eru við fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku (eða þau lönd, sem þar eru í sambandi með), varaðir við að sýna af sér nokkurn yfirgang, og þeim hótað hegning bæði eptir dönskum lögum og enskum, og se í því tilliti vísað til enskra kaupskipalaga 1854, í 267. kapitula (*Merchant Shipping Act 1854, section 267*); skal þess jafnframt getið, að tilgangur ensku stjórnarinnar með ráðstöfun þessari se, eptir skýrslu hins danska sendiherra, einnig sá, að koma því til leiðar, að eigi verði kvartað svo mjög undan háttalagi enskra fiskimanna við strendur Íslands.

6. Tilskipun um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. (á Íslenzku og Dönsku).

27. janúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, — en frumvarpið var samhljóða tilskipun til bráðabirgða, er Vér höfum gefið út 1. dag aprílm f. á. —, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenska landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. aprílm. f. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.